# Isavia ohf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1.1.-30.6.2014

Isavia ohf.
Reykjavíkurflugvelli
101 Reykjavík
kt. 550210-0370

# Isavia ohf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

# 1.1.-30.6.2014

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Yfirlit um eigið fé | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-15 |

# Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.**

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, kannað meðfylgjandi árshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum**
Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

**Umfang könnunar**
Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

**Ályktun**
Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2014 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 4. september 2014

**Deloitte ehf.**

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Isavia ohf. og dótturfélaga þess, Fríhafnarinnar ehf. og Tern Systems ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 9.929 milljónum króna á tímabilinu. Hagnaður af rekstrinum á sama tíma nam um 836 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir samstæðunnar um 35.685 milljónum króna í lok tímabilsins. Eigið fé í lok tímabilsins nam um 15.699 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall er 43,99%

Í lok tímabilsins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður.

Að áliti stjórnar og forstjóra Isavia ohf. koma fram í árshlutareikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 30. júní 2014, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014. Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins 30. júní 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. september 2014

**Í stjórn**

Ingimundur Sigurpálsson
stjórnarformaður

Heiða Kristín Helgadóttir

Matthías Páll Imsland

Ragnar Óskarsson

Sigrún Traustadóttir

**Framkvæmdastjóri**

Björn Óli Hauksson

# Yfirlit um heildarafkomu 1.1.-30.6.2014

| | Skýr. | Samstæða 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 9.928.506 | 8.920.414 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (1.685.640) | (1.559.155) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 5 | (4.677.788) | (4.135.951) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (266.335) | (295.825) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (1.524.806) | (1.401.630) |
| Afskriftir | 8,9 | (781.364) | (716.259) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 992.575 | 811.593 |
| Fjármunatekjur | 6 | 106.909 | 126.217 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (313.557) | (312.652) |
| Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum | 6 | 257.117 | 1.088.631 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 1.043.044 | 1.713.790 |
| Tekjuskattur | 7 | (207.349) | (346.364) |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | | 835.695 | 1.367.425 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2014

## Eignir

| | Skýr. | Samstæða 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 24.170.478 | 23.178.755 |
| Óefnislegar eignir | 9 | 5.771.645 | 5.857.212 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | 11 | 328.429 | 345.993 |
| | | 30.270.552 | 29.381.960 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 12 | 562.762 | 451.431 |
| Viðskiptakröfur | 13 | 2.000.037 | 1.303.464 |
| Næsta árs hluti langtímakrafna | | 49.616 | 59.584 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 655.708 | 584.977 |
| Handbært fé | 13 | 2.146.395 | 2.730.031 |
| | | 5.414.519 | 5.129.487 |
| **Eignir** | | 35.685.071 | 34.511.446 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 14 | 5.589.063 | 5.589.063 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.483.798 | 2.483.798 |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 49.640 | 49.829 |
| Óráðstafað eigið fé | | 7.576.900 | 6.741.016 |
| Eigið fé | | 15.699.402 | 14.863.706 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 14.254.832 | 14.609.162 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 17 | 912.412 | 900.350 |
| | | 15.167.244 | 15.509.512 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 18 | 1.451.953 | 1.389.854 |
| Ríkissjóður | | 76.986 | 16.633 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | 1.054.758 | 1.279.055 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 7 | 195.287 | 15.124 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 18 | 2.039.442 | 1.437.561 |
| | | 4.818.426 | 4.138.228 |
| Skuldir | | 19.985.669 | 19.647.740 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 35.685.071 | 34.511.446 |

# Yfirlit um eigið fé 1.1.-30.6.2014

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2013 | 5.589.063 | 2.483.798 | 51.120 | 3.523.216 | 11.647.197 |
| Endurmat afskrifað | 0 | 0 | (646) | 646 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins | 0 | 0 | 0 | 1.367.425 | 1.367.425 |
| Eigið fé 30. júní 2013 | 5.589.063 | 2.483.798 | 50.474 | 4.891.287 | 13.014.623 |
| | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2014 | 5.589.063 | 2.483.798 | 49.829 | 6.741.016 | 14.863.706 |
| Endurmat afskrifað | 0 | 0 | (188) | 188 | 0 |
| Heildarafkoma tímabilsins | 0 | 0 | 0 | 835.695 | 835.695 |
| Eigið fé 30. júní 2014 | 5.589.063 | 2.483.798 | 49.640 | 7.576.900 | 15.699.402 |

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutafé er innborgað.

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.1.-30.6.2014

| | Skýr. | Samstæða 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 992.575 | 811.593 |
| Afskriftir | 8,9 | 781.364 | 716.259 |
| Reikningshaldsleg gjaldfærsla langtímakröfu | 11 | 8.322 | 14.263 |
| Sölutap fastafjármuna | | 0 | 863 |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 1.782.260 | 1.542.978 |
| Vörubirgðir (hækkun) | | (111.331) | (115.828) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) | | (753.685) | (777.148) |
| Rekstrartengdar skuldir hækkun | | 723.772 | 435.748 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 1.641.016 | 1.085.750 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 90.851 | 98.324 |
| Greiddir vextir | | (282.883) | (373.912) |
| Greiddir skattar | | (15.124) | (6.596) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.433.861 | 803.565 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjárm. og óefnislegar eignir | | (1.687.519) | (942.469) |
| Afborganir skuldabréfa | 11 | 24.182 | 24.780 |
| | | (1.663.337) | (917.689) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Nýjar lántökur | | 13.013.430 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | (13.358.861) | (686.527) |
| Afborganir fjármögnunarleigusamninga | | (184) | (1.137) |
| | | (345.615) | (687.664) |
| (Lækkun) handbærs fjár | | (575.091) | (801.789) |
| Handbært fé í upphafi tímabils | 13 | 2.730.031 | 3.025.735 |
| Gengismunur handbærs fjár | | (8.545) | 35.963 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 2.146.395 | 2.259.910 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetrar að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf. og Tern Systems ehf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 er gerður í samræmi við IAS 34, um árshlutareikninga, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

### Starfsfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að fjáreignir eru færðar á gangvirði.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlegan reikningsskilastaðlan IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.
Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- varanlegir rekstrarfjármunir
- óefnislegar eignir
- tekjuskattsinneign og tekjuskattskuldbinding

## 4. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur greinast þannig: | 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|
| Tekjur vegna sölu á vörum | 3.813.908 | 3.338.551 |
| Tekjur vegna sölu á þjónustu | 5.495.514 | 5.002.188 |
| Eignatekjur | 619.084 | 579.675 |
| | 9.928.506 | 8.920.414 |

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|
| Laun | 3.510.865 | 3.081.163 |
| Lífeyrissjóður | 409.175 | 388.337 |
| Tryggingagjald | 295.049 | 267.162 |
| Önnur launatengd gjöld | 90.684 | 45.225 |
| Orlofs- og lífeyrisskuldbinding | 185.739 | 193.562 |
| Eignfærður launakostnaður | (2.502) | (3.874) |
| Annar starfsmannakostnaður | 188.777 | 164.377 |
| | 4.677.788 | 4.135.951 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

**Fjármunatekjur:**

| | 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 27.983 | 48.716 |
| Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga | 17.937 | 20.749 |
| Aðrar vaxtatekjur | 60.989 | 56.752 |
| | 106.909 | 126.217 |

**Fjármagnsgjöld:**

| | 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur | (284.714) | (287.175) |
| Þóknanir innheimtufyrirtækja | (27.718) | (24.455) |
| Dráttarvaxtagjöld | (1.125) | (1.022) |
| | (313.557) | (312.652) |

**Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum:**

| | 1.1.-30.6.2014 | 1.1.-30.6.2013 |
|---|---|---|
| Gengismunur | 257.117 | 1.088.631 |
| | 257.117 | 1.088.631 |

## 7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 207,3 milljónir króna en áætlaður tekjuskattur til greiðslu vegna afkomu tímabilsins nemur um 195,3 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 1.1.-30.6.2014 | | 1.1.-30.6.2013 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 1.043.044 | | 1.713.790 | |
| Skatthlutfall | (208.609) | 20,0% | (342.758) | 20,0% |
| Aðrir liðir | 1.260 | -0,1% | (3.606) | 0,2% |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (207.349) | 19,9% | (346.364) | 20,2% |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og listaverk | Flughlöð og bílastæði | Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 20.852.046 | 2.976.171 | 2.634.892 | 6.051.363 | 32.514.472 |
| Endurflokkað | (116.704) | 37.276 | 804.160 | (1.140.565) | (415.833) |
| Eignfært á tímabilinu | 344.415 | 317.471 | 114.575 | 859.977 | 1.636.438 |
| Staða í lok tímabils | 21.079.757 | 3.330.919 | 3.553.627 | 5.770.774 | 33.735.078 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 4.366.232 | 927.311 | 1.494.555 | 2.547.619 | 9.335.717 |
| Endurflokkað | (2.049) | 11 | 236.077 | (652.501) | (418.462) |
| Afskrift tímabilsins | 251.653 | 67.439 | 136.244 | 192.009 | 647.344 |
| Staða í lok tímabils | 4.615.836 | 994.762 | 1.866.875 | 2.087.127 | 9.564.600 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í upphafi tímabils | 16.485.814 | 2.048.860 | 1.140.337 | 3.503.744 | 23.178.755 |
| Bókfært verð í lok tímabilsins | 16.463.922 | 2.336.157 | 1.686.752 | 3.683.646 | 24.170.477 |
| Afskriftarhlutföll | 2-14% | 2-20% | 5-35% | 7-33% | |

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru óveðsettir en til staðar er yfirlýsing um veðkvöð þess efnis að félagið lofar að gefið verði út tryggingabréf fari Lánasýsla ríkisins fram á slíkt. Í lok tímabilsins nemur bókfært verð eigna 17,2 milljörðum króna og eftirstöðvar lána um 860,1 milljónum króna sem falla undir þessa kvöð. Í lok ársins 2013 nam bókfært verð eigna 17,3 milljörðum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána 13,3 milljörðum króna sem féllu undir veðkvaðir.

## 9. Óefnislegar eignir

| | Afnotasamn. um mannvirki | Afnotasamn. um flugbrautir | Hugbúnaður og þróunarkostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 477.035 | 5.706.000 | 948.485 | 7.131.520 |
| Endurflokkað | 0 | 0 | (23.029) | (23.029) |
| Eignfært á tímabilinu | 0 | 0 | 51.081 | 51.081 |
| Staða í lok tímabils | 477.035 | 5.706.000 | 976.537 | 7.159.572 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í upphafi tímabils | 79.506 | 951.000 | 243.802 | 1.274.307 |
| Endurflokkað | 0 | 0 | (20.400) | (20.400) |
| Afskrift tímabilsins | 7.951 | 95.100 | 30.969 | 134.019 |
| Staða í lok tímabils | 87.456 | 1.046.100 | 254.371 | 1.387.927 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í upphafi tímabils | 397.529 | 4.755.000 | 704.683 | 5.857.212 |
| Staða í lok tímabils | 389.579 | 4.659.900 | 722.166 | 5.771.645 |
| Afskriftarhlutföll | 3,3% | 3,3% | 0-10% | |

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurflugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurflugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhaldi þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

## 10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

| | Hlutdeild | Nafnverð | Meginstarfsemi |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í dótturfélögum:** | | | |
| Fríhöfnin ehf., Keflavíkurflugvelli | 100,00% | 50.000 | Verslunarstarfssemi |
| Tern Systems ehf., Kópavogi | 100,00% | 50.000 | Hugbúnaðargerð og ráðgjöf |

## 11. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

**Skuldabréfaeign**

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | 390.033 | 430.937 |
| Innborgað á tímabilinu | (24.182) | (48.695) |
| Verðbreytingar | 4.973 | 7.791 |
| Staða í lok tímabilsins | 370.824 | 390.033 |
| Næsta árs afborgun | (48.684) | (48.549) |
| | 322.140 | 341.484 |

**Langtímakröfur**

| | 30.6.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | 15.544 | 41.411 |
| Gjaldfært á tímabilinu | (8.322) | (25.867) |
| Staða í lok tímabilsins | 7.222 | 15.544 |
| Næsta árs afborgun | (932) | (11.035) |
| | 6.289 | 4.509 |
| Skuldabréfaeign og langtímakröfur í lok tímabilsins | 328.429 | 345.993 |

## 12. Vörubirgðir

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Vörur til endursölu | 525.269 | 453.064 |
| Vörur í flutningi | 53.947 | 15.298 |
| Varúðarniðurfærsla | (16.454) | (16.932) |
| | 562.762 | 451.431 |

## 13. Aðrar peningalegar eignir

**Viðskiptakröfur**

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 1.517.000 | 1.064.167 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 397.794 | 297.621 |
| Óreikningsfærðar tekjur | 150.190 | 0 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (64.947) | (58.324) |
| | 2.000.037 | 1.303.464 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | (58.324) | (40.582) |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (6.623) | (18.557) |
| Tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu | 0 | 815 |
| Staða í lok tímabilsins | (64.947) | (58.324) |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

**Aðrar skammtímakröfur**

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 237.505 | 189.799 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 65.532 | 102.486 |
| Fjármagnstekjuskattur | 29.414 | 22.895 |
| Ógreiddir óinnheimtir vextir | 30.392 | 2.217 |
| Óinnheimtar tekjur | 48.036 | 44.776 |
| Aðrar kröfur | 244.830 | 222.804 |
| | 655.708 | 584.977 |

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 1.165.820 | 1.954.387 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 971.281 | 772.113 |
| Sjóður í íslenskum krónum | 9.295 | 3.531 |
| | 2.146.395 | 2.730.031 |

# Skýringar

## 14. Eigið fé

Hlutafé greinist þannig:

| | Hlutir | Hlutfall | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| Heildarhlutafé í lok tímabilsins | 5.589.063 | 100,0% | 5.589.063 |
| | 5.589.063 | 100,0% | 5.589.063 |

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutafé er að fullu greitt.

## 15. Langtímaskuldir

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
| Skuldir í CHF | 3.397.933 | 3.502.047 |
| Skuldir í EUR | 4.022.264 | 4.319.572 |
| Skuldir í GBP | 1.029.556 | 1.029.686 |
| Skuldir í JPY | 895.998 | 891.396 |
| Skuldir í SEK | 312.670 | 337.261 |
| Skuldir í USD | 3.658.148 | 3.793.216 |
| Skuldir í ISK | 1.991.323 | 2.013.159 |
| | 15.307.893 | 15.886.337 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (1.053.061) | (1.277.175) |
| Langtímaskuldir í lok tímabilsins | 14.254.832 | 14.609.162 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | |
|---|---|---|
| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
| Afborganir 1.7.2014 - 30.6.2015 / 1.1.2014 - 31.12.2014 | 1.053.061 | 1.277.175 |
| Afborganir 1.7.2015 - 30.6.2016 / 1.1.2015 - 31.12.2015 | 1.020.826 | 1.256.216 |
| Afborganir 1.7.2016 - 30.6.2017 / 1.1.2016 - 31.12.2016 | 1.025.741 | 1.242.148 |
| Afborganir 1.7.2017 - 30.6.2018 / 1.1.2017 - 31.12.2017 | 744.797 | 1.099.965 |
| Afborganir 1.7.2018 - 30.6.2019 / 1.1.2018 - 31.12.2019 | 750.299 | 958.072 |
| Afborganir síðar | 10.713.168 | 10.052.763 |
| | 15.307.893 | 15.886.337 |

## 16. Lífeyrisskuldbinding

Isavia ohf. greiðir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins viðbótariðgjald umfram hefðbundin iðgjöld vegna árlegrar hækkunar á áfallinni lífeyrisskuldbindingu. Ekki er um að ræða að félagið beri ábyrgð á heildarlífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna félagsins sem eru í B-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins heldur einungis á þeim viðbótargreiðslum sem þurfa að koma til við hækkun ársins á áfallinni lífeyrisskuldbindingu viðkomandi starfsmanna. Á reikningstímabilinu hafa verið gjaldfærðar um 94,2 milljónir króna (fyrra tímabil 58,9 milljónir króna).

## 17. Tekjuskattsskuldbinding

| | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Staða 1.1.2014 | 900.350 |
| Tekjuskattur til greiðslu á tímabilinu | (195.287) |
| Reiknaður tekjuskattur á tímabilinu | 207.349 |
| Staða í lok tímabilsins | 912.412 |

| **Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:** | Tekjuskatts-skuldbinding |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 826.013 |
| Veltufjáreignir | (38.044) |
| Aðrir liðir | 128.900 |
| Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi | (4.457) |
| | 912.412 |

## 18. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 1.084.160 | 916.837 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 367.793 | 246.718 |
| Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins | 0 | 226.299 |
| | 1.451.953 | 1.389.854 |

### Aðrar skammtímaskuldir

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 18.451 | 14.883 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 25.840 | 11.437 |
| Ógreidd lífeyrisskuldbinding | 85.386 | 172.524 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 794.916 | 298.579 |
| Ógreidd orlofsskuldbinding | 856.091 | 686.293 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 141.370 | 126.365 |
| Ógreitt áfengis og endurvinnslugjald | 41.525 | 25.324 |
| Aðrar skuldir | 75.864 | 102.157 |
| | 2.039.442 | 1.437.561 |

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

| | 30.06.2014 | 31.12.2013 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 1.053.061 | 1.277.175 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 1.697 | 1.880 |
| | 1.054.758 | 1.279.055 |

## 19. Samþykki árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 4. september 2014